

Bæjarráð: Ertu með verkefni sem þarfnast úrlausnar?

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Heiti : Bæjarráð: Ertu með verkefni sem þarfnast úrlausnar?
Málsnúmer : 2021040086
Málsaðili : Samband Íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 28.04.2021 08:40:22
Höfundur : Bryndís Ósk Jónsdóttir

Viðhengi [image003.jpg](#)
[image001.jpg](#)

From: Anna G. Björnsdóttir [<mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>]

Sent: þriðjudagur, 27. apríl 2021 16:17

Subject: Ertu með verkefni sem þarfnast úrlausnar?

Þá gæti nýsköpunarmótið 2021 verið eitthvað fyrir þig og þitt sveitarfélag!

Nýsköpunarmót 2021

Ríkiskaup í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið bjóða opinberum aðilum og fyrirtækjum á [Nýsköpunarmót](#) sem haldið verður innan [nýsköpunarvikunnar](#) 26. maí til 2. júní.

Markmiðið er að auka nýsköpun í opinberum rekstri og á sama tíma að gefa fyrirtækjum og frumkvöðlum tækifæri til að leysa áskoranir opinberra aðila, þannig að þeir geti bætt þjónustu sína og náð enn frekari skilvirkni í rekstri.

Nýsköpunarmótið samræmist nýrri stefnu um nýsköpun í opinberum innkaupum og er hugsað til þess að styðja við alla innkaupaferla. Mótið er vettvangur fyrir opinbera aðila og fyrirtæki að hittast á fyrir fram bókuðum stuttum vef fundum.

Opinberir aðilar skrá þær áskoranir sem þeir standa frammi fyrir og vantar lausnir á en fyrirtæki skrá sérhæfingu sína.

Allir aðilar sem skrá sig geta í framhaldinu óskað eftir vef fundum með öðrum þátttakendum á nýsköpunarmótinu. Vef fundirnir fara fram í gegnum skráningarsíðuna (B2Match). Auðvelt er að bóka fundi, samþykkja eða breyta umbeðnum tíma þessa viku sem mótið fer fram.

Á síðasta Nýsköpunarmóti sem haldið var haustið 2019 tóku um 130 aðilar þátt sem opnaði nýja möguleika og leiddi til samstarfsþróunar á milli aðila. Í ár vonumst við til að gera enn betur!

Vert er að benda á að Ríkiskaup sérhæfa sig í ráðgjöf varðandi opinber innkaup.

Endilega kynntu þér verkefnið og skráðu þig til leiks undir nyskopunarmot.is („Register“ hægra megin á síðunni).

Þátttöku kostnaður er 3.500 kr. (reikningur sendur).

Nánari upplýsingar og aðstoð veitir, Hildur Sif Arnardóttir í síma 866-7951 eða á hildur.s.arnardottir@rikiskaup.is
og Hanna Steina Arnarsdóttir í síma 690-5693 eða á hanna.s.arnarsdottir@rikiskaup.is

Bestu kveðjur,
Hildur Sif Arnardóttir
Sérfræðingur - nýsköpun og viðskiptaþróun



Ríkiskaup / Central Public Procurement
Sími: 866 7951

Netfang / E-mail: hildur.s.arnardottir@rikiskaup.is

Ábyrgð þín varðandi tölvupóst / Your E-mail responsibilities: [Ríkiskaup](#)
